

SIGRÍÐUR DÍSA GUNNARSDÓTTIR

„ÞETTA ER ÞAÐ BESTA SEM HEFUR KOMIÐ FYRIR MIG LENGI“

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF FYRIR ATVINNULEITENDUR HJÁ MÍMI-SÍMENNTUN

Mímír-símenntun hefur með samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekið þátt í framkvæmd verkefnisins Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað frá byrjun ársins 2006. Megintilgangur verkefnisins er að hvetja fólk á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu og fólk af erlendum uppruna til að styrkja stöðu sína með símenntun og starfsþróun. Verkefnið felst í því að náms- og starfsráðgjafar fara út á vinnustaði, halda kynningar og bjóða starfsmönnum upp á viðtöl sem fara fram á vinnustaðnum. Að mati ráðgjafa, sem hafa tekið þátt í verkefninu hjá Mími, er þetta áhrifarík leið til að ná til markhópsins og hefur vakið athygli víða.

Frá haustinu 2009 hefur ráðgjöfin hjá Mími að stórum hluta beinst að atvinnuleitendum. Þetta eru annars vegar einstaklingar sem koma að eigin frumkvæði eða er vísað í ráðgjöfina frá stéttarfélögum og hins vegar atvinnuleitendur sem eru boðaðir í viðtöl í umboði Vinnumálastofnunar. Flestir koma í húsnæði Mímis í Skeifunni 8 en náms- og starfsráðgjafar Mímis hafa einnig boðið reglulega upp á viðtöl í húsnæði Eflingar-stéttarfélags, hjá VR og í Rauðakrosshúsinu í Borgartúni. Atvinnuleitendum hefur einnig verið boðið upp á hópráðgjöf hjá Mími þar sem þeir vinna meðal annars að gerð færnimöppu. Hér verður sagt frá ráðgjöf við atvinnuleitendur sem byggð er á upplifun og reynslu náms- og starfsráðgjafa hjá Mími en að jafnaði hafa fimm ráðgjafar starfað við verkefnið síðustu tvö ár.



Sigríður Dís Gunnarsdóttir

RÁÐGJÖF Á VINNUSTÖÐUM Í KJÖLFAR BREYTINGA

Í kjölfar mikilla breytinga í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði haustið 2008 fundu ráðgjafar Mímis fyrir meiri áhuga fyrirtækja og stofnana gagnvart verkefninu *Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað*. Þá fjölgaði starfsmönnum sem nýttu sér einstaklingsráðgjöf að loknum kynningum. Nokkur fyrirtæki óskuðu eftir að fá verkefnið á vinnustað í kjölfar uppsagna. Að mati ráðgjafa Mímis reyndist vel að fá tækifæri til að nálgast starfsmenn áður en atvinnuleit tók við, m.a. til að kynna þjónustu náms- og starfsráðgjafa, upplýsa um möguleika á námi, kynna styrki starfsmenntasjóða, aðstoða við gerð ferilskráa og hvetja til virkni. Margir í þessum hópi stóðu frammi fyrir því að vera að leita að vinnu í fyrsta skipti á starfsævinni eða eins og einn sagði „ég hef aldrei þurft að leita að vinnu og veit ekkert hvernig ég á að snúa mér í þessu“.

RÁÐGJÖF VIÐ ATVINNULEITENDUR Í UMBOÐI VINNUMÁLASTOFNUNAR

Í lok október 2009 var undirritaður samningur milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Kvasis – samtaka símenntunar-

miðstöðva og Vinnumálastofnunar (hér eftir skammstafað VMST) um þátttöku náms- og starfsráðgjafa sem starfa á símenntunarstöðvum, í ráðgjöf við atvinnuleitendur. Með samningnum hefur gefist kærkomið tækifæri til að nálgast fleiri úr markhópi verkefnisins *Náms- og starfsráðgjafar á vinnustað* og jafnframt nýta þá þekkingu og reynslu sem hefur byggst upp við að aðstoða og hvetja hópinn til starfsþróunar. Fólk með stutta formlega skólagöngu hefur verið rúmlega helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið ráðgjafa á vinnustað er að auðvelda ákvarð-





anatöku um nám og starfsþróun en það er val starfsmannsins hvort hann þiggur ráðgjöf og hvernig hann nýtir sér hana. Ráðgjöf í umboði VMST fellur undir lög um atvinnuleysis-tryggingar sem fela í sér skyldu atvinnuleitanda til að mæta og taka þátt í starfsleitaráætlunum. Fyrir náms- og starfsráðgjafa Mímis var því ráðgjöf í umboði VMST ný nálgun og jafnframt áskorun að takast á við nýtt og breytt hlutverk ráðgjafans. Áður en verkefnið hófst sátu ráðgjafar undirbúningsfund með VMST og hafa einnig notið leiðsagnar og stuðnings á reglulegum fagfundum allra sem koma að verkefninu undir handleiðslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá hafa ráðgjafar Mímis sérstaka tengiliði hjá VMST sem þeir eru í reglulegu sambandi við. Mat beggja er að samstarfið hafi gengið mjög vel.

Ráðþegahópur Mímis í umboði VMST hefur frá upphafi verið langtímaatvinnulausir með stutta formlega skólagöngu og hafa ekki tekið þátt í virkniurræðum. Framkvæmdin er þannig að ráðgjafar VMST senda ráðgjöfum Mímis lista með nöfnum atvinnuleitenda sem uppfylla fyrrgreind skilyrði. Ráðgjafi Mímis hringir síðan í atvinnuleitanda og boðar hann í viðtal í umboði VMST. Hann kynnir fyrir viðkomandi að markmiðið sé að fara yfir stöðu og virkni í starfsleitinni. Í flestum tilvikum er um að ræða fyrsta einstaklingsviðtal viðkomandi eftir að atvinnuleit hófst.

HVERNIG FER RÁÐGJÖFIN FRAM?

Ráðgjöfin miðar að því að aðstoða atvinnuleitandann við að finna út hvernig hann getur styrkt stöðu sína og gera áætlanir

um framkvæmd. Í ráðgjöfinni er gjarnan fylgt nokkrum hefðbundnum skrefum í viðtalstækni í náms- og starfsráðgjöf, þ.e. að mynda tengsl við ráðþegann, skilgreina stöðu hans og þarfir, skoða möguleika sem eru í boði og gera áætlun um framkvæmd. Í framhaldinu getur verið um ýmiss konar eftirfylgni að ræða allt eftir þörfum hvers og eins. Algengast er að fyrsta viðtal taki um 60 mín.

Saga ráðþega

Mikilvægt er að byrja á að kynnast ráðþeganum og byggja upp traust. Ráðgjafinn byrjar gjarnan á að biðja viðkomandi að segja t.d. stuttlega frá hvernig staðan er í atvinnuleitinni og/eða hvernig náms- og starfsferillinn hafi verið fram að þessu. Hann nýtir síðan frásögnina til að spyrja nánar um ýmsa þætti til að átta sig á líðan og stöðu einstaklingsins í starfsleitinni. Neikvæðar afleiðingar langtímaatvinnuleysis, s.s. kvíði, fjárhagsvandi og brotin sjálfmynd, koma fram í mörgum viðtölum. Nokkuð algengt er að ráðþegar hafi sótt um vinnu en ekki fengið svör eða verið hafnað. Margir í þessum hópi glíma við erfiðar tilfinningar tengdar fyrri skólagöngu t.d. vegna lesblindu, vanda tengdum stærðfræði, athyglisbrests o.fl. Það liggur gjarnan ástæða á baki þess þegar ráðþegi segir „ég ætla ekki í neitt nám eða á námskeið“.

Skilgreina stöðu, þarfir og langanir

Samhliða frásögn ráðþega eða í kjölfarið spyr ráðgjafi gjarnan spurninga sem hafa það markmið að greina betur áhuga, færni og virkni í starfsleitinni. Þetta er einnig liður í að viðkomandi átti sig betur á hver hann er og hvert hann vilji stefna. Ráðgjafi spyr t.d. um hvað ráðþega hafi líkað vel í vinnu og hvað ekki, hvað hafi gengið vel og ekki vel. Einnig er t.d. spurt hvernig fyrri skólaganga hafi verið, hvort viðkomandi eigi eða hafi átt drauma um starfsvettvang, hvort ráðþeginn eigi ferilskrá o.fl. Að auki spyr hann gjarnan beint „hvað telur þú að styrki best stöðu þína á vinnumarkaði?“ Ráðgjafi notar oft ýmis hjálpartæki, s.s. hugkort eða mynd af flokkun mismunandi starfssviða, til að kortleggja betur stöðuna. Þegar ráðþegi og ráðgjafi hafa skilgreint hvað það

er sem viðkomandi vill fyrst og fremst styrkja eða stefna að er komið að næsta skrefi sem er að kynna, skoða og meta hvað er í boði fyrir atvinnuleitandann út frá þörfum hans.

Hvaða möguleikar eru í boði?

Náms- og starfsráðgjafar þurfa að hafa yfirsýn yfir hvaða nám og úrræði standa bæði atvinnuleitendum sem og öllum fullorðnum til boða. Vinnumálastofnun býður upp á fjölbreytt námskeið og virkniúrræði og styrkir einnig atvinnuleitendur til að fara í námsleiðir skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem kenndar eru hjá Mími og í nám hjá fleiri fræðsluadílum. Í mörgum tilvikum opnar kynning á möguleikum til náms nýja sýn fyrir ráðþegann á hvað er í boði eða eins og einn ráðþegi sagði „ég hef aldrei þorað að horfa í áttina að skólabyggingu eftir að ég lauk grunnskóla og aldrei dottið í hug að kanna neina möguleika á námi“. Atvinnuleitendum býðst einnig aðstoð hjá ráðgjöfum Mímis við að útbúa eða bæta ferilskrár, stuðning við að útvíkka hugmyndir í atvinnuleit og undirbúa sig undir atvinnuviðtöl. Þetta nýta sér margir. Ef sálrænn eða félagslegur vandi er hindrun í starfsleitinni þá aðstoðar ráðgjafi atvinnuleitanda við að finna aðstoð við hæfi, t.d. hjá sálfræðingi VMST. Í flestum tilvikum er tekin ákvörðun um virkni í viðtalinu og markmið eru sett til skemmri eða lengri tíma.

Gerð áætlunar

Flestir atvinnuleitendur á vegum VMST og þeir sem koma á eigin vegum velja að sækja námskeið eða námsleiðir sem falla undir vinnumarkaðsúrræði eða undirbúa t.d. umsóknir inn í lánshæft nám. Ef atvinnuleitandi óskar eftir námskeiði á vegum VMST fyllir hann út skráningarblað sem er sent ráðgjöfum þeirra sem sjá um að boða viðkomandi á námskeiðið. Ef viðkomandi hefur hug á að stunda lengra nám, t.d. í námsleiðum skv. námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, þá þarf ráðgjafi Mímis að hafa samband við VMST og kanna hvort viðkomandi eigi rétt á námssamningi og kanna hvort það sé laust pláss. Ef um er ræða nám hjá Mími gengur náms- og starfsráðgjafi frá námssamningi og bókunarblaði þar sem atvinnuleitandi skrifar undir að hann sé meðvitauður um þær

skyldur sem úrræðið felur í sér. Þetta gefur einstaklingum tækifæri til að koma í húsnæðið, kynnast ráðgjafa og afla frekari upplýsinga. Það getur losað um kvíða og spennu sem fylgir því að takast á við hlutverk námsmanns á ný. Niðurstöður allra viðtala í umboði Vinnumálastofnunar eru sendar VMST og sjá ráðgjafar þeirra um að skrá inn í skráningarkerfi stofnunarinnar.

Eftirfylgni

Í mörgum tilvikum veitir ráðgjafi atvinnuleitanda eftirfylgni en það fer allt eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins. Þeim sem koma í nám hjá Mími er boðið að leita aðstoðar og stuðnings meðan á námi stendur, t.d. vegna persónulegs og námstengds vanda og margir nýta sér það. Þá stendur atvinnuleitendum í námsleiðum Mímis til boða að koma aftur í viðtal þegar námi er að ljúka og fá tækifæri til að endurskoða markmið sín eða setja sér ný og skoða möguleika og leiðir.

HÓPRÁÐGJÖF – FÆRNIMAPPA

Náms- og starfsráðgjafar Mímis hafa boðið atvinnuleitendum upp á hópráðgjöf þar sem þátttakendur hittast í þrjú skipti. Í hópráðgjöfinni eru ræddir ýmsir þættir er snúa að starfsleit og þeir útbúa færnimöppu. Færnimappan getur hjálpað einstaklingi að koma auga á styrkleika sína og með hópráðgjöfinni fær atvinnuleitandi tækifæri til að fá viðbrögð og hugmyndir í starfsleit frá fleiri aðilum auk þess að læra af reynslu annarra.

AÐ LOKUM

Meirihluti ráðþega hjá Mími á síðasta ári hafa verið atvinnuleitendur. Flestir þeirra hafa sýnt áhuga á að styrkja persónulega og starfstengda færni og margir eru að láta drauma um að hefja nám á ný rættast. Ráðgjöf við atvinnuleitendur hefur m.a. vegna skyldu til þátttöku í starfsleitaráætlunum og vilja einstaklinga til starfsþróunar veitt ráðgjöfum tækifæri til að fylgjast betur með hvernig ráðþeginn kemur áætlunum sínum í framkvæmd. Það veitir ánægjulega endurgjöf í starfi.

Að taka þátt í ráðgjöf sem felur í sér kröfu um virkni hefur reynst ráðgjöfum Mímis auðveldara en þeir áttu von á í upphafi og þar vegur þungt sú upplifun og trú að þetta sé besta leiðin til að vinna að velferð einstaklings í atvinnuleit. Flestir ráðþegar hafa sýnt þakklæti fyrir að fá tækifæri til að koma og ræða stöðu sína og kynna þeim möguleikum sem eru í boði eða eins og einn ráðþegi orðaði það nýlega við ráðgjafa sinn „þetta er það besta sem hefur komið fyrir mig í langan tíma“.

UM HÖFUNDINN

Sigríður Dís Gunnarsdóttir starfar hjá Mími–simeintun sem deildarstjóri náms- og starfsráðgjafar og hefur tekið þátt í verkefnum *Náms og starfsráðgjöf á vinnustað* í rúm fjögur ár. Hún er með MA í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

ABSTRACT

Mímir – Continuing Education has through a contract with the Education and Training Service Centre (FA) taken part in the project “Study and vocational counselling at work” since the beginning of 2006. The principal objective of the project is to encourage people on the labour market with short formal education and people of foreign origin to strengthen their position through continuing education and career development. The project consists in study and vocational counsellors going to workplaces, presenting the project and offering interviews that take place at the workplace. According to the counsellors that have taken part in the Mímir project, this is an effective procedure to reach the focus group and has often drawn a lot of attention.

Since autumn 2009 counselling at Mímir has principally centred on job seekers. These are, on one hand, individuals who come on their own accord or been directed to Mímir by trade unions, and on the other hand, job seekers that are offered an interview on behalf of the Directorate of Labour. Most of these people come to the Mímir offices at Skeifan 8 but vocational and study counsellors have also regularly offered counselling at the offices of Efling Trade Union, VR Trade Union, and at the Red Cross House in Borgartún. Additionally, Mímir has offered group counselling to job seekers where they, among other things, work on a competence portfolio. The paper is based on the experience of the vocational and study counsellors at Mímir where five counsellors have been working on this project for the past two years.